

Bæjarstjórn og Bæjarstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ 5. desember 2015

Þann 19. nóvember s.l. er grein í Fjarðapóstinum þar sem skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar mótmælir harðlega ákvörðun um lokun Herjólfstraugar við Álftanesveg. Þetta er það fyrsta sem íbúar Hleinanna fá vitneskju um væntanlega lokun. Við bréfritarar tökum heilshugar undir þessi mótmæli.

Ætla má að lokunin hafi átt að gerast án grenndarkynningar sem er brot á skipulagsreglum.

Með lokuninni er verið að koma til móts við íbúa Þrýðishverfis vegna öryggis og hávaðamengunar að sögn Gunnars Einarssonar bæjarstjóra. Akstur um gamla Álftanesveginn hefur nær öll færst yfir á nýja veginn svo að þeir sem aka um umræddan vegaspotta við Þrýðishverfi eru íbúar Hleinanna, íbúar vesturhluta norðurbæjar Hafnarfjarðar og gestir og starfsfólk Hrafnistu. Bæjarstjóri bendir okkur á að við getum ekið í gegnum íbúðarhverfi norðurbæjar eða Álftanesveginn sunnan við Hrafnistu yfir í Garðaholt en sá vegur er hættulegur í dag, hvað þá ef umferð um hann eykst.

Telst ekki öryggisatriði gagnvart íbúum að hafa greiða akstursleið fyrir sjúkra- og slökkvibílfreiðar frá höfuðstöðvum þeirra í Skútuhrauni?

Áthugið að íbúar Hleinanna eru líka „Garðbæingar“ og með væntanlegri lokun er verið að valda okkur miklum óþægindum og stofna okkur í óþarfa hættu með akstri um þröngar íbúðargötur sem ekki eru gerðar fyrir gegnumakstur úr öðrum hverfum. Hvers eiga íbúar að gjalda?

Áður en til lokunar kemur (sem allir íbúar Hleinanna sem við höfum rætt við eru mótfallnir) er lágmarkskrafa okkar að gerð verði „ábyrg“ hávaðamæling ásamt umferðartalningu á vegakafla frá Herjólfstraug að hringtorgi við austurenda Þrýðishverfis. Gæti verið að umferðargnýr sem er að plaga Þrýðisfólkið komi frá Hafnarfjarðarveginum en ekki frá gamla Álftanesspottanum þar sem umferð um hann hefur minnkað mikið eins og komið hefur fram?


Sé um óafturkræft loforð frá Bæjarstjórn til Þrýðisfólks að loka „stofnbraut“ okkar Hleinabúa vegna öryggis og hávaða er okkur spurn hvort ekki hafi komið til álita að setja niður tré-hljóðvegg (eins og verið er að setja fyrir íbúa Silfurtúns). Annað eins hafa okkar menn í Garðabæ afrekað. Nefna skal sem dæmi flutning manarinnar við Hegranesið fyrir hjólreiðafólk – merkilegt framtak!

Það er von okkar og ósk að stjórn Garðabæjar taki bréfi þessu með jákvæðum huga, haldi Herjólfstrauginni opinni og afgreiði þetta leiðindamál svo að allir megi vel við una bæði Þrýðisfólk og Hleina.

Með vinsemd,

Gunnar H. Jónsson

Naustahleinn 8



Pórður M. Adólfsson

Boðahleinn 19

